

Miðvikudaginn 25. ágúst 2021 var haldinn rafrænnfundur hjá siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 12/2021

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 28. júlí .2021 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að X hafi gerst brotlegt við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með gefa ekki upp réttar upplýsingar á pörunarvottorði fyrir got fætt 18.apríl 2021 undan tíkinni A. Kæran var send X til umsagnar með bréfi dagsettu 30. júlí 2021 og henni gefinn 4 vikna andmæla frestur. X svaraði innan andmælatíma. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa ekki merkt við já reitinn „Hefur tíkin farið áður í keisaraskurð?“ á pörunarvottorðinu.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn stunda ræktun af alvöru og ábyrgð og láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf.

#### IV.Niðurstaða

X telst hafa gerst brotlegur við grein 2.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

X hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar



Arnheiður Runólfsdóttir



Sóley Ragna Ragharsdóttir



Svanhildur Skúladóttir